

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/17/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 534/09/COL frá 16. desember 2009 um sjötugustu og áttundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; við bætist nýr kafli um bestu framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð	1
2012/EES/17/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 364/11/COL frá 23. nóvember 2011 um að ljúka formlegri rannsókn að því er varðar undanþágu Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds (Ísland).	10
2012/EES/17/03		Auglýsing frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2005/15/EB	15
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2012/EES/17/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6201 – HSH/Malév)	16
2012/EES/17/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6346 – APMT/Bollore/Congo Terminal) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2012/EES/17/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6472 – Groupe Bollore/CMA CGM/Terminal du Grand Ouest) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18
2012/EES/17/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6479 – MNV/Rába) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	19
2012/EES/17/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6506 – Groupe Auchan/Magyar Hipermarket)	20

2012/EES/17/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6533 – Goldman Sachs/Advent International/TransUnion Corp) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	21
2012/EES/17/10	Álit framkvæmdastjórnarinnar frá 14. mars 2012 á tímabundnum ráðstöfunum stjórnvalda í Þýskalandi að því er varðar ljós á björgunarvesti af gerðinni Rescue Dan M1 sem eru framleidd af Daniamant ApS í Konungsríkinu Danmörku	22
2012/EES/17/11	Auglýst eftir tillögum – EACEA/06/12 – Áætlunin Virk æska – Aðgerð 3.2 – Æska heimsins: Samstarf við önnur ríki en nágrannaríki Evrópusambandsins	22
2012/EES/17/12	Yfirlit um ákvarðanir ESB um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. janúar 2012 til 31. janúar 2012	23

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/17/01

534/09/COL

frá 16. desember 2009

um sjötugustu og áttundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; við bætist nýr kafli um bestu framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr. og stafliðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflið b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾.

Hinn 16. júní 2009 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna „Reglur um bestu framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð“ ⁽⁵⁾.

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og stjórnvöld í EFTA-ríkjunum með bréfum um þetta efni sem dagsett voru 20. nóvember 2009 (skjöl nr. 537430, 537439 og 537441).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæðum leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð hefur verið breytt með því að fella inn í þær nýjan kafla um bestu framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð. Nýi kaflinn er birtur í viðauka við ákvörðun þessa.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (nú *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*; hér eftir: Stjtið. EB eða Stjtið. ESB) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1, með áorðnum breytingum. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrétt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>.

⁽⁵⁾ Sjá Stjtið. ESB C 136, 16.6.2009, bls. 13.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 16. desember 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud
Forseti

Kristján A. Stefánsson
Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Leiðbeinandi reglur um bestu framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð ⁽¹⁾**1. Gildissvið og markmið**

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA gefur út eftirfarandi leiðbeinandi reglur um bestu framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð með það markmið fyrir augum að meðferð ríkisaðstoðarmála skili öllum hlutaðeigandi eins miklum árangri og hagkvæmni og unnt er.
- 2) Þessi kafli í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA er byggður á reynslu sem safnast hefur í tengslum við beitingu ákvæða II. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („II. kafla bókar 3“) ⁽²⁾. Helsta markmiðið með útgáfu kaflans er að veita leiðsögn um daglega umsjú ríkisaðstoðarmála og búa þannig í haginn fyrir samvinnu og gagnkvæman skilning milli Eftirlitsstofnunar EFTA, stjórnvalda í EFTA-ríkjunum, lögmanna og aðila í viðskiptalífínu.
- 3) Til þess að takast megi að bæta málsmeðferð á sviði ríkisaðstoðar er nauðsynlegt að báðir aðilar að hverju máli sýni aga og að Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkin taki á sig gagnkvæmar skuldbindingar. Stofnunin hyggst leitast við að efla samstarf sitt við stjórnvöld EFTA-ríkjana og alla þá sem eiga hagsmuna að gæta, og vinna jafnframt að því að bæta rannsóknastarf sitt og innri ákvarðanaferla til þess að gera meðferð ríkisaðstoðarmála gagnsærri, fyrirsjáanlegri og árangursríkari.
- 4) Þessi kafli er hluti af því nútímalega regluverki sem nú hefur verið tekið upp á sviði ríkisaðstoðar, og er síðasti hluti einfaldaðs reglubálks sem tekur til kaflanna í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinna tegunda ríkisaðstoðar ⁽³⁾ og um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð ⁽⁴⁾ og stuðlar að því að gera málsmeðferð fyrirsjáanlegri og gagnsærri.
- 5) Aðstæður í einstökum málum geta þó verið með þeim hætti að nauðsynlegt reynist að laga ákvæði kaflans að viðkomandi máli, eða víkja frá þeim ⁽⁵⁾.
- 6) Að því leyti sem ákvæði EES-samningsins gilda um fiskveiðar og fiskeldi og starfsemi á sviði frumframleiðslu, markaðssetningu eða úrvinnslu landbúnaðarafurða gildir ennfremur að séreinkenni þessara atvinnugreina geta réttlætt frávik frá ákvæðum þessa kafla leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð.

2. Tengsl við ákvæði EES-réttar

- 7) Þessum kafla er ekki ætlað að vera heildarúttekt eða tæmandi yfirlit um öll viðeigandi lagaákvæði, túlkandi úrskurði og stjórnsýsluákvæðanir sem lúta að eftirliti með ríkisaðstoð. Hann ber að lesa með hliðsjón af þeim grundvallarreglum sem ráða málsmeðferð ríkisaðstoðarmála, og sem viðbót við þær.
- 8) Ákvæði þessa kafla hafa því ekki í för með sér nýbreytni eða breytingar að því er varðar réttindi og skyldur sem kveðið er á um í EES-samningnum, bókun 3 og ákvörðun 195/04/COL frá 14. júlí 2004 ⁽⁶⁾ með áorðnum breytingum og samkvæmt túlkun á henni í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Ákvæði þessa kafla samsvara reglum framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um bestu framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð (Stjtið. ESB C 136, 16.6.2009, bls. 13).

⁽²⁾ Ákvæði II. hluta bókar 3 endurspeglar ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 75, 15.3.2012, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 14, 15.3.2012, bls. 1, skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>. Reglurnar samsvara auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinna tegunda ríkisaðstoðar (Stjtið. ESB C 136, 16.6.2009, bls. 3).

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 115, 5.5.2011, bls. 13, og EES-viðbætur nr. 25, 5.5.2011, bls. 1. Reglurnar samsvara auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð (Stjtið. ESB C 85, 9.4.2009, bls. 1).

⁽⁵⁾ Í tengslum við bankakreppuna, sem hófst árið 2008, hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert ráðstafanir eftir því sem við á til þess að tryggja að ákvarðanir séu teknar sem fyrst eftir að fullfrágengin tilkynning hefur borist, og innan tveggja vikna ef þess er þörf. Sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum (Stjtið. ESB L 17, 20.1.2011, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 3, 20.1.2011, bls. 1), sem samsvara orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar sama efnis (Stjtið. ESB C 270, 25.10.2008, bls. 8). Um ráðstafanir er varða raunhagkerfið sjá tímabundin rammaákvæði Eftirlitsstofnunar EFTA um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar í því skyni að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu (Stjtið. ESB L 17, 20.1.2011, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 3, 20.1.2011, bls. 1), sem samsvara orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar sama efnis (Stjtið. ESB C 83, 7.4.2009, bls. 1).

⁽⁶⁾ Ákvörðun 195/04/COL (Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1) samsvarar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1) sem hefur að geyma ákvæði til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 659/1999.

- 9) Kaflinn hefur að geyma reglur um bestu framkvæmd daglegrar stjórnsýslu sem geta stuðlað að hraðari, gagnsæri og fyrirsjáanlegri meðferð ríkisaðstoðarmála, hvort sem um ræðir tilkynnta aðstoð eða ekki, svo og kvartana, á öllum stigum rannsóknar.

3. Samskipti í aðdraganda tilkynningar

- 10) Það er reynsla Eftirlitsstofnunar EFTA að samskipti í aðdraganda tilkynningar geta verið mjög gagnleg, jafnvel þegar um ræðir mál sem virðast dæmigerð. Með því að koma á slíkum samskiptum gefst stofnuninni og stjórnvöldum í EFTA-ríkinu, sem tilkynnir ráðstöfun, færi á að ræða lagalega og fjárhagslega þætti hinnar fyrirhuguðu ráðstöfunar á óformlegan hátt og í trúnaði áður en að tilkynningu kemur, og stuðla þannig að vandaðri frágangi og fyllri upplýsingum í tilkynningum. Í þessu samhengi geta stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki og Eftirlitsstofnun EFTA einnig komið sér saman um gagnlegar úrbætur þegar vandkvæði eru á fyrirhugaðri ráðstöfun. Á þessu skeiði gefst því kostur á að gera ráðstafanir til að flýta afgreiðslu tilkynninga eftir að þær hafa borist stofnuninni með formlegum hætti. Vandaður undirbúningur tilkynningar ætti í reynd að gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að gefa út ákvarðanir í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3 áður en tveir mánuðir eru liðnir frá tilkynningu ⁽⁷⁾.
- 11) Eindregið er mælt til þess að komið sé á samskiptum í aðdraganda tilkynningar ef viðkomandi mál felur í sér nýnæmi eða hefur sérstök einkenni sem gefa tilefni til að skiptast á skoðunum við Eftirlitsstofnun EFTA með óformlegum hætti fyrirfram, en stofnunin mun leiðbeina stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum með óformlegum hætti hvenær sem þau fara slíks á leit.

3.1 Efnisatriði væntanlegrar tilkynningar

- 12) Með samskiptum í aðdraganda tilkynningar gefst færi á að ræða við stjórnvöld í hlutaðeigandi EFTA-ríki og leiðbeina þeim um atriði sem koma þurfa fram í upplýsingum á tilkynningarblaðinu, svo að tryggt sé að allar slíkar upplýsingar liggi fyrir daginn sem tilkynningin er lögð fram. Ef vel tekst til með samskipti í aðdraganda tilkynningar geta þau einnig leitt til opinna og uppbyggilegra viðræðna um hvert það efnisatriði sem fyrirhuguð ráðstöfun gefur tilefni til. Þetta er einkum mikilvægt í tengslum við ráðstafanir sem ekki væri unnt að samþykkja óbreyttar og því er nauðsynlegt að falla frá eða breyta í veigamiklum atriðum. Samskiptin geta einnig tekið til athugunar á því hvort styðjast megi við önnur lagaákvæði eða hvort einhver fordæmi liggi fyrir. Við þetta bætist að takist vel til með samskipti í aðdraganda tilkynningar geta Eftirlitsstofnun EFTA og stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki tekið á mikilvægum álitamálum er varða samkeppni og fjárhagsgreiningu og, ef við á, leitað til utanaðkomandi sérfræðinga um nauðsynlega staðfestingu á því að hin fyrirhugaða ráðstöfun sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Þannig geta stjórnvöld í EFTA-ríkinu, sem tilkynnir ráðstöfun, einnig farið þess á leit í aðdraganda tilkynningar að Eftirlitsstofnun EFTA falli frá kröfu um að tiltekna upplýsingar komi fram á tilkynningarblaðinu, þegar þeirra er ekki þörf við rannsóknina við þær sérstöku aðstæður sem einkenna málið. Loks ráða samskipti í aðdraganda tilkynningar úrslitum um ákvörðun á því hvort tiltekið mál telst við fyrstu sýn þess eðlis að það geti fallið undir einfaldaða málsmeðferð ⁽⁸⁾.

3.2 Notkunarsvið og tímamörk

- 13) Það er hagur hlutaðeigandi EFTA-ríkis að láta Eftirlitsstofnun EFTA í té allar upplýsingar sem hún þarf á að halda til að geta metið fyrirhugað ríkisaðstoðarverkefni með því að senda henni drög að tilkynningu, og stuðla þannig að uppbyggilegum og árangursríkum samskiptum í aðdraganda tilkynningar. Til þess að flýta afgreiðslu máls munu samskiptin í aðalatriðum fara fram með rafpósti eða á fjárfundum fremur en á hefðbundnum fundum. Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa frumkvæði að fyrstu samskiptum í aðdraganda tilkynningar áður en tvær vikur eru liðnar frá því að henni berast drög að tilkynningu.
- 14) Eðlilegt er að almennt fari ekki lengri tími í samskipti í aðdraganda tilkynningar en tveir mánuðir og í framhaldi af þeim ber að leggja fram fullfrágengna tilkynningu með öllum tilskildum upplýsingum. Ef samskipti í aðdraganda tilkynningar hafa ekki skilað þeim árangri sem stefnt var að getur Eftirlitsstofnun EFTA lýst yfir að þessum kafla í meðferð málsins sé lokið. Samskipti í aðdraganda tilkynningar geta þó staðið yfir um nokkurra mánaða skeið enda ráðast öll tímamörk svo og form samskiptanna af því hversu flókið viðkomandi mál er. Eftirlitsstofnun EFTA mælist því til þess að þegar um er að ræða sérstaklega flókin mál (t.d. björgunaraðstoð, aðstoð til umfangsmikilla

⁽⁷⁾ Ekki er unnt að virða þennan frest ef stofnunin þarf að senda ítrekuð upplýsingaerindi sökum þess að tilkynningar eru ekki fullfrágengnar.

⁽⁸⁾ Sjá leiðbeinandi reglur um einfaldaða málsmeðferð við afgreiðslu tiltekinnna tegunda ríkisaðstoðar.

rannsókn- og þróunarverkefna, aðstoð við stór einstök verkefni eða sérstaklega stór eða flókin aðstoðarkerfi) stofni stjórnvöld í EFTA-ríkjunum til samskipta í aðdraganda tilkynningar eins snemma og unnt er til þess að stuðla að gagnlegum viðræðum.

- 15) Það er reynsla Eftirlitsstofnunar EFTA að mikið gagn sé að þátttöku aðstoðarþega í samskiptum í aðdraganda tilkynningar, einkum þegar um ræðir mál þar sem mikið er í húfi að því er varðar tæknilega, fjárhagslega og verkefnistengda þætti. Stofnunin mælist því til þess að samskipti í aðdraganda tilkynningar eigi sér stað með þátttöku þeirra sem njóta eiga góðs af sérákvæðinni aðstoð.
- 16) Í öðrum málum en þeim, sem fela í sér mikið nýnæmi eða eru mjög flókin, mun Eftirlitsstofnun EFTA leggja kapp á að afhenda stjórnvöldum í EFTA-ríkinu niðurstöður óformlegrar forathugunar á ráðstöfuninni þegar samskiptum í aðdraganda tilkynningar lýkur. Þær niðurstöður eru ekki bindandi og teljast ekki opinber afstaða stofnunarinnar, heldur aðeins óformlegt álit á því hvort drögin að tilkynningunni hafi að geyma allar tilskildar upplýsingar og hvort hið fyrirhugaða aðstoðarverkefni virðist við fyrstu sýn samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins. Þegar um sérstaklega flókin mál er að ræða getur stofnunin, að beiðni stjórnvalda í EFTA-ríkinu, einnig látið í té skriflegt álit á því hvaða upplýsingar þurfi að leggja fram til viðbótar.
- 17) Rík trúnaðarskylda gildir um öll samskipti í aðdraganda tilkynningar. Skoðanaskiptin eru valkvæð og eiga sér stað með fyrirvara um meðferð og rannsókn málsins eftir að formleg tilkynning hefur borist.
- 18) Til þess að stuðla að vönduðum frágangi tilkynninga mun Eftirlitsstofnun EFTA leggja kapp á að halda námskeið þegar beiðnir um slík berast frá stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum. Þá verður haldið uppi reglulegum samskiptum við EFTA-ríkin til þess að ræða frekari endurbætur á meðferð ríkisaðstoðarmála, einkum að því er varðar notkunarsvið og efnisatriði gildandi tilkynningarblaða.

4. Sameiginleg áætlun

- 19) Þegar um ræðir mál, sem fela í sér óvenjulega mikið nýnæmi, eru tæknilega flókin eða vandasöm á annan hátt, eða mjög brýnt er að taka fyrir án tafar, mun Eftirlitsstofnun EFTA bjóða stjórnvöldum í EFTA-ríkinu, sem tilkynnir ráðstöfun, að gerð verði sameiginleg áætlun með það að markmiði að gera það gagnsærra og fyrirsjáanlegra hversu langan tíma rannsóknin á ríkisaðstoðinni muni taka.

4.1 Efnisatriði væntanlegrar tilkynningar

- 20) Sameiginleg áætlun byggist á skipulegri samvinnu stjórnvalda í EFTA-ríkinu og Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli sameiginlegrar áætlanagerðar og skilnings á því hvernig líklegt sé að rannsókninni vindi fram og hvenær henni muni ljúka.
- 21) Í þessu tilliti getur einkum verið ástæða til þess fyrir stofnunina og EFTA-ríkið, sem tilkynnir ráðstöfun, að koma sér saman um:
 - að viðkomandi mál verði tekið fyrir með sérstöku hraði gegn því að stjórnvöld í EFTA-ríkinu fallist formlega á að gera hlé⁽⁹⁾ á rannsókn annarra mála sem tilkynningar hafa borist um frá sama EFTA-ríki, reynist það nauðsynlegt vegna áætlanagerðar eða með hliðsjón af tiltækum mannafla,
 - að stjórnvöld í EFTA-ríkinu og/eða hlutaðeigandi aðstoðarþegi leggi fram tilteknar upplýsingar, svo sem skýrslur eða utanaðkomandi sérfræðiálit, eða að Eftirlitsstofnun EFTA afli sér upplýsinga á eigin vegum, og
 - hvernig ætla megi að rannsókn málsins muni fara fram af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA eftir að tilkynning hefur borist, og hversu lengi hún muni standa.
- 22) Eftirlitsstofnun EFTA mun leitast við að virða tímamörkin, sem samist hefur um að því er varðar frekari athugun á málinu, gegn því að stjórnvöld í EFTA-ríkinu leggi allar nauðsynlegar upplýsingar fram í tæka tíð og á þann hátt sem sameiginlega áætlunin kveður á um, nema því aðeins að óvænt álitamál vakni við athugun á upplýsingum sem berast frá EFTA-ríkinu eða hagsmunaaðilum.

4.2 Notkunarsvið og tímamörk

- 23) Að jafnaði verður aðeins notast við sameiginlega áætlun í málum sem fela í sér svo mikið nýnæmi, eða eru svo tæknilega flókin eða vandasöm á annan hátt, að forathugun í aðdraganda tilkynningar leiðir ekki til skýrrar niðurstöðu. Í slíkum tilvikum verður gengið frá sameiginlegri áætlun þegar forathugun í aðdraganda tilkynningar er lokið og er formleg tilkynning þá lögð fram í kjölfar þess.

⁽⁹⁾ Sjá 5. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3.

- 24) Eftirlitsstofnun EFTA og stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki geta þó einnig komið sér saman um það, að beiðni hinna síðarnefndu, að gerð verði sameiginleg áætlun um frekari meðferð málsins við upphaf formlegrar rannsóknar.

5. Forathugun á tilkynntum ráðstöfunum

5.1 Upplýsingaerindi

- 25) Til þess að greiða sem mest fyrir rannsókn málsins mun Eftirlitsstofnun EFTA leitast við að safna upplýsingaerindum saman meðan á forathugun stendur. Fylgt verður þeirri meginreglu að senda aðeins eitt tæmandi upplýsingaerindi, að jafnaði 4–6 vikum eftir að tilkynning berst. Ef ekki er gert ráð fyrir öðru í sameiginlegri áætlun ætti undirbúningsvinna í aðdraganda tilkynningar að gera stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum kleift að leggja fram fullfrágengna tilkynningu og þannig ætti að vera lítil þörf á viðbótarupplýsingum. Eftirlitsstofnun EFTA kann þó að leggja fram spurningar síðar, einkum þegar svör EFTA-ríkjanna gefa tilefni til, en slíkt er ekki nauðsynlega visbending um að rannsókn málsins gangi mjög örðuglega.

- 26) Berist umbeðnar upplýsingar ekki frá EFTA-ríkinu innan tilskilins tíma verður að jafnaði beitt ákvæðum 3. mgr. 5. gr. II. hluta bókunar 3, eftir að ein áminning hefur verið send, og stjórnvöldum í EFTA-ríkinu þá tilkynnt að þau teljist hafa fallið frá tilkynningunni. Að jafnaði verður stofnað til formlegrar rannsóknar ef nauðsynlegum skilyrðum fyrir slíkri rannsókn er fullnægt, og verða í flestum tilvikum ekki send fleiri en tvö upplýsingaerindi áður en til þess kemur.

5.2 Umsamið hlé á forathugun

- 27) Við tiltekna aðstæður kemur til greina að gera hlé á forathugun ef stjórnvöld í EFTA-ríki óska eftir slíku til þess að geta breytt fyrirhuguðum ráðstöfunum til samræmis við ríkisaðstoðarreglur, eða með almennu samkomulagi. Aðeins verður fallist á slíkt hlé með því skilyrði að fyrirfram sé ákveðið hversu lengi það skuli standa. Hafi ekki borist fyrir lok þess tíma fullfrágengin tilkynning stjórnvalda í EFTA-ríkinu um ráðstafanir, sem við fyrstu sýn virðast samrýmast gildandi reglum, mun Eftirlitsstofnun EFTA halda athugun sinni áfram þar sem frá var horfið. Að jafnaði verður stjórnvöldum í viðkomandi EFTA-ríki greint frá því að þau teljist hafa fallið frá tilkynningunni, eða formleg rannsókn hafin án tafar ef verulegur vafi leikur á að ráðstafanirnar samrýmist gildandi reglum.

5.3 Samskipti um framvindu málsins

- 28) Að ósk stjórnvalda í EFTA-ríkjum, sem tilkynna ráðstafanir, verða þeim sendar upplýsingar um framvindu yfirstandandi forathugunar. Því er beint til stjórnvalda að gefa þeim, sem njóta munu góðs af fyrirhugaðri stakri aðstoð, kost á að fylgjast með slíkum samskiptum.

6. Formleg rannsókn

- 29) Með vísan til þess að mál, sem tekin eru til formlegrar rannsóknar, eru að jafnaði flókin er það afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að fyllsta ástæða sé til að gera þennan áfanga málsmeðferðarinnar gagnsærri, fyrirsjáanlegri og skilvirkari svo að stuðla megi að skynsamlegri ákvarðanatöku til samræmis við þarfir nútímafyrirtækja. Stofnunin mun því greiða fyrir framkvæmd formlegrar rannsóknar með því að nýta sér eftir föngum allar málsmeðferðarleiðir sem henni standa opnar samkvæmt II. hluta bókunar 3.

6.1 Birting ákvörðunar og ágríps af helstu atriðum hennar

- 30) Fari stjórnvöld í hlutaðeigandi EFTA-ríki ekki fram á að tiltekna trúnaðarupplýsingar verði fjarlægðar mun Eftirlitsstofnun EFTA leitast við að birta ákvörðun sína um að hefja formlega rannsókn, ásamt ágrípi af helstu atriðum hennar, áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að sú ákvörðun er tekin.
- 31) Ef ágreiningur er um atriði er varða trúnaðarupplýsingar beitir Eftirlitsstofnunin ákvæðum leiðbeinandi reglna sinna um þagnarskyldu í tengslum við ákvarðanir um ríkisaðstoð⁽¹⁰⁾ og leitast af fremsta megni við að birta ákvörðunina sem fyrst eftir að hún hefur verið tekin. Hið sama gildir um birtingu allra endanlegra ákvarðana.
- 32) Til þess að stuðla að sem mestu gagnsæi í málsmeðferðinni verður stjórnvöldum í EFTA-ríkinu,

⁽¹⁰⁾ Ákvæðin voru samþykkt með ákvörðun stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA 15/04/COL hinn 18. febrúar 2004 (Stjtið. EB L 154, 8.6.2006, bls. 27, og EES-viðbætur nr. 29, 8.6.2006, bls. 1). Þær leiðbeinandi reglur samsvara orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. desember 2003 um þagnarskyldu í tengslum við ákvarðanir um ríkisaðstoð (Stjtið. ESB C 297, 9.12.2003, bls. 6).

aðstoðarþeganum og öðrum hagsmunaaðilum (einkum þeim sem hugsast getur að leggi fram kvörtun) greint frá hvers kyns töfum sem rekja má til ágreinings um trúnaðarupplýsingar.

6.2 Athugasemdir hagsmunaaðila

- 33) Samkvæmt ákvæðum 6. gr. II. hluta bókar 3 skulu hagsmunaaðilar gera athugasemdir innan tiltekins frests sem að öllu jöfnu skal ekki vera lengri en einn mánuður frá birtingardegi ákvörðunar um að hefja formlega rannsókn. Sá frestur verður að jafnaði ekki framlengdur og Eftirlitsstofnun EFTA tekur því venjulega ekki við upplýsingum sem berast of seint frá hagsmunaaðilum, og á þetta einnig við um aðstoðarþega⁽¹¹⁾. Framlenging kemur aðeins til greina í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum, svo sem þegar framlagðar upplýsingar um málsatvik eru sérstaklega umfangsmiklar eða í kjölfar samskipta milli stofnunarinnar og viðkomandi hagsmunaaðila.
- 34) Í því skyni að treysta rannsóknargrundvöll að því er varðar málsatvik í sérstaklega flóknum málum getur Eftirlitsstofnun EFTA gripið til þess ráðs að senda þekktum hagsmunaaðilum afrit af ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, m.a. atvinnugreinasamtökum, og boðið þeim að segja álit sitt á tilteknum þáttum málsins⁽¹²⁾. Hagsmunaaðilum er í sjálfsvald sett hvort þeir vinna með Eftirlitsstofnun EFTA að þessu leyti, en kjósi slíkur aðili að leggja fram umsögn er það honum í hag að gera það nógu tímanlega til þess að stofnunin geti haft hliðsjón af því. Stofnunin mun því beina þeim tilmælum til hagsmunaaðila að þeir bregðist við áður en mánuður er liðinn frá þeim degi sem þeim er sent afrit af ákvörðuninni. Ekki verður beðið lengur eftir slíkri umsögn. Til þess að tryggja sé að málsaðilum sé ekki mismunað mun Eftirlitsstofnun EFTA senda aðstoðarþeganum sömu tilmæli um að segja álit sitt. Til þess að virða réttindi stjórnvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki við rannsókn máls verður þeim framsent afrit, án trúnaðarupplýsinga, af hverju því álit sem berst frá hagsmunaaðilum og óskað eftir svari innan mánaðar.
- 35) Til þess að tryggja að allar athugasemdir hagsmunaaðila berist stjórnvöldum í EFTA-ríkinu með sem minnstum töfum verður þess farið á leit við stjórnvöld að þau taki við slíkum athugasemdum á upprunalegu tungumáli, ef nokkur kostur er. Þýðing verður gerð á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA ef ósk berst um slíkt frá stjórnvöldum í EFTA-ríki, en það getur leitt til tafa á meðferð málsins.
- 36) Berist engar athugasemdir frá hagsmunaaðilum verður stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum einnig greint frá því.

6.3 Umsagnir stjórnvalda í EFTA-ríkjunum

- 37) Til þess að ekki verði tafir á málsmeðferð við formlega rannsókn mun Eftirlitsstofnun EFTA beita ófrávíkjanlega öllum ákvæðum um fresti samkvæmt II. hluta bókar 3 sem við eiga á þessu stigi málsmeðferðarinnar. Berist engin umsögn frá stjórnvöldum í EFTA-ríki um ákvörðun stofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn, eða um athugasemdir hagsmunaaðila, áður en sá frestur er liðinn sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. II. hluta bókar 3 sendir stofnunin tafarlaust ítrekun með þeim upplýsingum að stjórnvöldum í viðkomandi EFTA-ríki verði veittur viðbótarfrestur sem nemur öðrum mánuði, en frekari framlenging komi ekki til greina nema í undantekningartilvikum. Ef ekki berst svar með upplýsingum sem máli skipta frá stjórnvöldum í EFTA-ríkinu tekur Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum í samræmi við ákvæði 7. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 13. gr. II. hluta bókar 3.
- 38) Ef ólögleg aðstoð hefur verið veitt, og stjórnvöld í hlutaðeigandi EFTA-ríki hafa ekki gert athugasemd við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn, gefur stofnunin út fyrirmæli um að veita upplýsingar, í samræmi við ákvæði 10. gr. II. hluta bókar 3. Bregðist stjórnvöld í EFTA-ríkinu ekki við þeim fyrirmælum innan tilskilins tíma tekur Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum.

6.4 Beiðni um frekari upplýsingar

- 39) Ekki er óhugsandi, þegar um sérstaklega flókin mál er að ræða, að upplýsingar, sem stjórnvöld í EFTA-ríkinu hafa sent sem svar við ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, leiði til þess að Eftirlitsstofnun EFTA telji nauðsynlegt að óska frekari upplýsinga. Stjórnvöldum í EFTA-ríkinu verður þá gefinn eins mánaðar frestur til að svara.

⁽¹¹⁾ Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 10. gr. II. hluta bókar 3.

⁽¹²⁾ Samkvæmt viðtekinni dómafrákvæmd dómstóla Evrópubandalagsins er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að senda tilgreindum þriðja aðila ákvörðun um að hefja formlega rannsókn, sjá til dæmis mál T-198/01 *Technische Glaswerke Ilmenau* gegn framkvæmdastjórn, dómasafn 2004, bls. II-2717, 195. mgr., T-198/01R *Technische Glaswerke Ilmenau* gegn framkvæmdastjórn, dómasafn 2002, bls. II-2153, sameinuð mál C-74/00 P og C-75/00 P *Falck Spa o.fl.* gegn framkvæmdastjórn, dómasafn 2002, bls. I-7869, 83. mgr.

- 40) Berist ekki svar frá EFTA-ríkinu áður en sá frestur er liðinn sendir Eftirlitsstofnun EFTA tafarlaust ítrekun þar sem lokafrestur er ákveðinn 15 virkir dagar og stjórnvöldum í EFTA-ríkinu greint frá því að stofnunin muni taka ákvörðun með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum að þeim tíma liðnum, eða gefa út fyrir máli um að veita upplýsingar þegar um ólögmeta aðstoð er að ræða.

6.5 Réttmætar ástæður fyrir því að gera hlé á formlegri rannsókn

- 41) Hlé verður ekki gert á formlegri rannsókn nema í undantekningartilvikum og með samkomulagi Eftirlitsstofnunar EFTA og stjórnvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki. Slíkt hlé getur til að mynda komið til greina ef stjórnvöld í EFTA-ríkinu óska formlega eftir því til þess að fá ráðrúm til að laga fyrirhugaðar ráðstafanir að gildandi ríkisaðstoðarreglum, svo og þegar mál svipaðs eðlis hefur verið höfðað fyrir EFTA-dómstólum eða dómstólum Evrópusambandsins og líkur standa til að niðurstaða þess muni skipta máli um mat á málinu sem er til rannsóknar.
- 42) Að jafnaði verður aðeins fallist á slíkt hlé einu sinni og skal þá ákveðið fyrirfram hversu lengi það skuli standa, með samkomulagi Eftirlitsstofnunar EFTA og stjórnvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki.

6.6 Endanleg ákvörðun tekin og réttmætar ástæður fyrir framlengingu formlegrar rannsóknar

- 43) Í samræmi við ákvæði 6. mgr. 7. gr. II. hluta bókar 3 mun Eftirlitsstofnun EFTA leggja allt kapp á að taka ákvörðun innan 18 mánaða frá því að málsmeðferð hefst. Lengja má þann frest með samkomulagi Eftirlitsstofnunar EFTA og stjórnvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki. Lenging rannsóknartímans getur einkum komið til greina í málum sem snúast um ráðstafanir sem fela í sér nýnæmi eða varða nýstárleg lagaleg álitæfni.
- 44) Til þess að tryggja skilvirka framkvæmd 6. mgr. 7. gr. II. hluta bókar 3 mun Eftirlitsstofnun EFTA leitast við að taka endanlega ákvörðun áður en fjórir mánuðir eru liðnir frá því að síðustu upplýsingar berast frá stjórnvöldum í EFTA-ríkinu, eða frá því að síðasti frestur til að veita upplýsingar rann út án þess að upplýsingar bærust.

7. Kvartanir

- 45) Miklu skiptir fyrir alla þá, sem eiga hagsmuna að gæta í tengslum við ríkisaðstoðarmál, að Eftirlitsstofnun EFTA gæti skilvirkni og gagnsæis í meðferð sinni á kvörtunum sem henni berast. Stofnunin leggur því til eftirfarandi reglur um „bestu framkvæmd“ sem samdar hafa verið með þetta sameiginlega markmið fyrir augum.

7.1 Eyðublað undir kvartanir

- 46) Kvartendum verður kerfisbundið bent á að fylla út eyðublað undir kvartanir sem er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA (<http://www.eftasurv.int/media/documents/Complaint-form--State-aid.doc>) og láta jafnframt fylgja aðra útgáfu af kvörtuninni sem hefur verið hreinsuð af trúnaðarupplýsingum. Með því að fylla eyðublaðið út að öllu leyti geta kvartendur í flestum tilvikum tryggt að nægilega hafi verið vandað til innsends erindis.

7.2 Áætlaður meðferðartími og niðurstaða rannsóknar á kvörtun

- 47) Eftirlitsstofnun EFTA mun leggja allt kapp á að ljúka rannsókn á kvörtun innan tiltekins tíma, sem er áætlaður tólf mánuðir frá því að kvörtun berst. Þessi áætlaði meðferðartími er ekki bindandi. Aðstæður í einstöku máli geta verið með þeim hætti að nauðsynlegt reynist að óska eftir viðbótarupplýsingum frá kvartanda, stjórnvöldum í EFTA-ríkinu eða hagsmunaaðilum og getur það þá lengt meðferðartíma við rannsókn á tiltekinni kvörtun.
- 48) Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að forgangsraða kvörtunum sem henni berast ⁽¹³⁾, til að mynda eftir því hversu víðtækt hið meinta brot er, hversu stórt fyrirtækið er sem þiggur aðstoðina, hvaða atvinnugrein um er að ræða og hvort fyrir liggja aðrar kvartanir svipaðs efnis. Með vísan til fyrirliggjandi verkefna og réttarins til að forgangsraða rannsóknum ⁽¹⁴⁾ getur stofnunin þannig frestað því að taka fyrir ráðstöfun sem telst ekki forgangsmál. Af þessum ástæðum mun Eftirlitsstofnun EFTA að jafnaði leggja kapp á að ljúka eftirtöldum verkefnum áður en tólf mánuðir eru liðnir:
- Þegar um forgangsmál er að ræða hafi verið tekin ákvörðun í samræmi við ákvæði 4. gr. II. hluta bókar 3 og afrit sent kvartanda.
 - Þegar um önnur mál en forgangsmál er að ræða hafi kærandi fengið sent stjórnsýslubrэф með

⁽¹³⁾ Mál C-119/97 *Ufex o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1999, bls. I-1341, 88. mgr.

⁽¹⁴⁾ Mál T-475/04 *Bouygues SA gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2007, bls. II-2097, 158. og 159. mgr.

fyrstu upplýsingum um bráðabirgðamat stofnunarinnar. Stjórnsýslubréfið felur ekki í sér opinbera afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA, heldur er aðeins um að ræða bráðabirgðamat sem er byggt á fyrirliggjandi upplýsingum og sett er fram með fyrirvara um ítarlegri upplýsingar sem kvartandi kynni að vilja koma á framfæri áður en mánuður er liðinn frá dagsetningu bréfsins. Ef frekari upplýsingar berast ekki fyrir tilskilinn frest verður litið svo á að fallið hafi verið frá kvörtuninni.

- 49) Til þess að auka gagnsæi hyggst Eftirlitsstofnun EFTA leitast við að upplýsa kvartanda um hvernig erindi hans hefur verið forgangsraðað áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að kvörtunin barst. Ef kvörtun reynist ógrunduð verður kvartanda greint frá því áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að kvörtun barst ekki séu fullnægjandi ástæður til að taka afstöðu til málsins og að hann teljist hafa fallið frá kvörtuninni hafi frekari efnislegar upplýsingar ekki borist áður en mánuður er liðinn. Þegar um ræðir kvartanir sem varða samþykka aðstoð leggur Eftirlitsstofnun einnig kapp á að svara kvartanda áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að kvörtunin barst.
- 50) Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða ólöglega aðstoð verður kvartendum bent á að þeir geta höfðað mál fyrir landsdómstóli til þess að fá úrskurð hans um að hætta skuli aðstoð eða að hún skuli endurgreidd ⁽¹⁵⁾.
- 51) Ef þörf þykir verður kvörtunin send stjórnvöldum í hlutaðeigandi EFTA-ríki, í útgáfu sem hefur verið hreinsuð af trúnaðarupplýsingum, til þess að þau geti sagt álit sitt á henni. Stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum svo og kvartendum verður greint með skipulegum hætti frá ákvörðun um að hætta athugun á kvörtun og annarri meðferð kvörtunarinnar. Á móti verður því beint til EFTA-ríkjanna að þau virði fresti sem þeim eru gefnir til að segja álit sitt á kvörtunum og leggja fram upplýsingar um þær. Þess verður einnig farið á leit að þau taki við slíkum kvörtunum á upprunalegu tungumáli, ef nokkur kostur er. Þýðing verður gerð á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA ef ósk berst um slíkt frá stjórnvöldum í EFTA-ríki, en það getur leitt til tafa á meðferð málsins.

8. Ákvarðanatökufarli innan stofnunar

- 52) Eftirlitsstofnun EFTA fylgir þeirri stefnu að gera ákvarðanatöku í stofnuninni sem þjálasta og bæta hana á annan hátt, með það fyrir augum að stytta meðferðartíma ríkisaðstoðarmála.
- 53) Í þessu skyni verður stuðlað að sem mestri skilvirkni í ákvarðanatökufarli stofnunarinnar. Þá verða reglur um innra starf stofnunarinnar endurskoðaðar í því skyni að bæta ákvarðanatökuna.
- 54) Ákvarðanatökufarli Eftirlitsstofnunar EFTA verður í stöðugri endurskoðun og mun taka breytingum eftir þörfum.

9. Endurskoðun á síðari stigum

- 55) Reglur um bestu framkvæmd við málsmeðferð skila ekki árangri nema Eftirlitsstofnun EFTA og stjórnvöld í EFTA-ríkjunum taki höndum saman um að sinna rannsókn á ríkisaðstoðarmálum af fyllstu kostgæfni, virða tilskilda fresti og tryggja þannig að meðferð þessara mála sé svo gagnsæ og fyrirsjáanleg sem þörf er á. Þessi kafli, og þær reglur um bestu framkvæmd sem hann hefur að geyma, eru fyrsta framlagið til slíks sameiginlegs átaks.
- 56) Eftirlitsstofnun EFTA hyggst beita ákvæðum þessa kafla gagnvart ráðstöfunum sem tilkynning berst um, eða greint er frá á annan hátt, eftir 1. janúar 2010.
- 57) Ákvæði þessa kafla má endurskoða með hliðsjón af breytingum á lagaákvæðum, túlkandi úrskurðum og stjórnsýsluákvörðunum eða dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópusambandsins sem lúta að málsmeðferð á sviði ríkisaðstoðar, svo og reynslunni af beitingu þeirra. Eftirlitsstofnun EFTA hyggst einnig hafa regluleg samskipti við stjórnvöld í EFTA-ríkjunum, og aðra þá sem eiga hagsmuna að gæta, um reynsluna af beitingu II. hluta bókonar 3 almennt, og reglna þessa kafla um bestu framkvæmd sérstaklega.

⁽¹⁵⁾ Sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/17/02

364/11/COL

frá 23. nóvember 2011

um að ljúka formlegri rannsókn að því er varðar undanþágu Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds

(Ísland)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum ákvæða 61. gr. og bókunar 26,

með vísan til 3. mgr. 1. gr. I. hluta og 2. mgr. 7. gr. II. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningur um eftirlitsstofnun og dómstól) (bókun 3),

með vísan til samsteyprtar útgáfu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 (ákvörðun um framkvæmdarákvæði) ⁽¹⁾,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir, ⁽²⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA óskaði, með bréfi dagsettu 28. september 2007 (skjal nr. 442805), eftir upplýsingum frá stjórnvöldum á Íslandi að því er varðar ríkisábyrgðir og skyldu til að greiða ríkisábyrgðargjald samkvæmt íslenskum lögum um ríkisábyrgðir. Stjórnvöld á Íslandi svöruðu þessari beiðni með bréfi fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 24. október 2007, sem hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dagsett sama dag, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 25. október 2007 (skjöl nr. 448739 og 449598).
- 2) Málið var rætt á fundi fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA og ríkisstjórnar Íslands 7. september 2007 í Brussel og 29. október 2007 í Reykjavík, svo og á fundi fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA og Samtaka fjármálafyrirtækja á Íslandi í Brussel 6. mars 2008.
- 3) Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 406/08/COL frá 27. júní 2008 um að hefja formlega rannsókn að því er varðar undanþágu Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau. ⁽³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA leitaði með ákvörðun þessari eftir athugasemdum hagsmunaaðila. Engar umsagnir hagsmunaaðila hafa borist Eftirlitsstofnun EFTA. Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 406/08/COL með bréfi dagsettu 8. september 2008 (skjal nr. 490696).
- 4) Eftirlitsstofnun EFTA setti málið í bið í október 2008 vegna falls íslenska bankakerfisins. Mál þetta var þó aðeins rætt á pakka fundi í Reykjavík dagana 4. og 5. nóvember 2009. Í kjölfar þess fundar sendi Eftirlitsstofnun EFTA 16. nóvember 2009 bréf þar sem minnt var á að upplýsingar varðandi mat á því hvort ráðstöfunin sem var til rannsóknar samrýmdist framkvæmd EES-samningsins yrðu lagðar fram. Svar frá stjórnvöldum á Íslandi barst með bréfi dagsettu 7. desember 2009 (skjal nr. 539538).
- 5) Í rannsókn sem fór fram samhliða og varðaði ríkisaðstoðarráðstafanir vegna Íbúðalánasjóðs komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu í ákvörðun 405/08/COL frá 27. júní 2008 ⁽⁴⁾ að ríkisábyrgðin sem Íbúðalánasjóði var veitt væri yfirstandandi aðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti í framhaldi af því, 18. júlí 2011, ákvörðun 247/11/COL um tillögu að viðeigandi ráðstöfunum vegna fjármögnunar Íbúðalánasjóðs, ⁽⁵⁾ m.a. í formi ríkisábyrgðar.

⁽¹⁾ Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/media/decisions/195-04-COL.pdf>

⁽²⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 406/08/COL frá 27. júní 2008 um að hefja formlega rannsókn að því er varðar undanþágu Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 64, 19.3.2009, bls. 21, og EES-viðbæti nr. 15, 19.3.2009, bls. 9.

⁽³⁾ Sjá 2. neðanmálgrein hér að ofan um birtingartilvísun.

⁽⁴⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 405/08/COL frá 27. júní 2008 um að ljúka formlegri rannsókn að því er varðar Íbúðalánasjóð var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* L 79, 25.3.2010, bls. 40, og EES-viðbæti nr. 14, 25.3.2010, bls. 20.

⁽⁵⁾ Texti ákvörðunar 247/11/COL hefur verið birtur, að slepptum trúnaðarupplýsingum, á vefslóð Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/media/decisions/247-11-COL.pdf>

2. Lýsing á ráðstöfuninni sem er til rannsóknar

2.1. Aðstodardegi

- 6) Íbúðalánasjóður er stofnun í eigu ríkisins sem starfar óháð samkvæmt ákvæðum laga nr. 44/1998 (lög um húsnæðismál). ⁽⁶⁾ Íbúðalánasjóður lýtur sérstakri stjórn og heyrir stjórnskipulega undir velferðarráðherra. Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum. Það er gert með því að veita einstaklingum veðlán og fyrirtækjum sem leigja út íbúðarhúsnæði lán, og með almennu skipulagi húsnæðismála. Fjármögnun er veitt í þeim sérstaka tilgangi að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum (sbr. ákvæði 1. gr. laga um húsnæðismál).
- 7) Íbúðalánasjóður er ekki fjármagnaður beint af ríkinu, heldur með tekjum af eigin fé sjóðsins (þ.e. afborgunum, vaxta- og verðbótageiðslum af framlengdum lánum), vöxtum sem eru greiddir við útgáfu og sölu íbúðabréfa sem eru skráð í Kauphöll Íslands og með þjónustugjöldum frá viðskiptavinum. Íbúðalánasjóður nýtur einnig ríkisábyrgðar vegna ótakmarkaðrar ábyrgðar ríkisins sem eiganda hans á skuldum sjóðsins. ⁽⁷⁾ Íbúðalánasjóður fær einnig vaxtastyrki beint af fjárlögum ríkisins til að standa straum af tapi vegna lána til fyrirtækja, sem reisa og reka leiguhúsnæði, sem bera lægri vexti en markaðsvexti.
- 8) Um ítarlegri upplýsingar um Íbúðalánasjóðskerfið samkvæmt lögum um íbúðarhúsnæði er vísað til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 405/08/COL.

2.2. Ríkisábyrgðin

- 9) Íbúðalánasjóður er ríkisstofnun, sem heyrir undir opinberan rétt (sbr. ákvæði 4. gr. laga um húsnæðismál), og sem slík nýtur hann ríkisábyrgðar á öllum skuldbindingum sínum samkvæmt almennum, óskráðum reglum opinbers réttar á Íslandi sem gilda um ríkisstofnanir. Ábyrgðin gildir um allar ríkisstofnanir, óháð því hvenær þær voru settar á laggirnar eða hvaða starfsemi þær hafa með höndum. Eins og getið er hér að framan er slík ábyrgð til komin vegna ótakmarkaðrar ábyrgðar ríkisins sem eiganda Íbúðalánasjóðs á skuldum hans. Það þýðir að ríkið er ábyrgt fyrir öllum skuldbindingum Íbúðalánasjóðs þar eð ábyrgðin tengist hvorki tilteknum fjármálaviðskiptum Íbúðalánasjóðs né takmarkast hún við fasta hámarksfjárhæð. Þetta kemur einnig fram í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. sem útilokar gjaldþrot eða aðra slitameðferð stofnana eins og Íbúðalánasjóðs.
- 10) Í inngangsorðum frumvarpsins sem varð að lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir segir svo:
„Byggist það á þeirri ótvíræðu reglu íslensks réttar að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum stofnana sinna og fyrirtækja, nema sú ábyrgð sé takmörkuð með beinu lagaákvæði, [...], eða þar sem ábyrgð ríkissjóðs í hlutafélagi takmarkast við hlutafjárframlagið.“ ⁽⁸⁾
- 11) Forverar Íbúðalánasjóðs nutu einnig ríkisábyrgðar: Húsnæðisstofnun ríkisins, Byggingasjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna sem Húsnæðisstofnun ríkis rak, svo og Húsnæðismálastjórn ríkisins (sbr. lög nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins).

2.3. Ríkisábyrgðargjaldið

- 12) Þegar Íbúðalánasjóður og forverar hans voru settir á laggirnar var sú ótakmarkaða ríkisábyrgð sem þeir nutu ekki háð áhættuálagi eða ábyrgðargjaldi. Stjórnvöld á Íslandi segja að frá því að Íbúðalánasjóður var stofnaður hafi viðeigandi landslög verið túlkuð á þann veg að Íbúðalánasjóður væri undanþeginn greiðslu hvers konar gjalds fyrir ríkisábyrgðina sem hann nýtur. ⁽⁹⁾
- 13) Í bráðabirgðalögum nr. 68/1987 um skattaráðstafanir var í fyrsta sinn innleidd almenn skylda til að greiða ábyrgðargjald til ríkisins vegna ríkisábyrgða sem ekki voru háðar áhættuálagi. Samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 37/1961 um ríkisábyrgðir, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 65/1988 um breytingar á lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum, skulu bankar, lánasjóðir lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar, sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún byggist á eignaraðild ríkissjóðs eða öðru, greiða ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum gagnvart erlendum aðilum. Ábyrgðargjaldið var ákveðið 0,0625% á

⁽⁶⁾ Upphaflegur forveri Íbúðalánasjóðs, Húsnæðisstofnun ríkisins, var stofnaður 1980.

⁽⁷⁾ Mál E-9/04 *Samtök banka og verðbréfafyrirtækja gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [2006] Ársskýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 42, 72. mgr.

⁽⁸⁾ [Á ekki við í íslensku þýðingunni]

⁽⁹⁾ Sjá. bls. 4 í bréfi dagsettu 8.9.2008 (skjal nr. 490696).

hverjum ársfjórðungi af höfuðstól erlendra skuldbindinga eins og þær eru að meðaltali á hverju gjaldtímabili (sbr. ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 37/1961).⁽¹⁰⁾

- 14) Upphaflega var sambærilegt ábyrgðargjald ekki lagt á innlendar skuldbindingar. Með lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir var aftur á móti⁽¹¹⁾ innleidd skylda til að greiða 0,0375% ábyrgðargjald að því er varðar innlendar skuldbindingar. Þetta hlutfall var síðar hækkað í 0,0625% með lögum nr. 180/2000.⁽¹²⁾
- 15) Í lögum nr. 121/1997 er einnig kveðið á um undanþágu frá greiðslu hvers kyns ábyrgðargjalds vegna húsbrefa sem húsbrefadeild Húsnæðisstofnunar gaf út. Að því er varðar aðrar skuldbindingar Íbúðalánasjóðs, voru skuldir sjóðsins vegna ógreidds ábyrgðargjalds, sem hann hafði safnað samkvæmt ákvæðum laga nr. 121/1997, felldar úr gildi afturvirk með fjárukalögum fyrir árið 2001. Loks var mælt fyrir um almenna undanþágu Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds vegna allra skuldbindinga í lögum nr. 70/2000 sem öðluðust gildi 26. maí 2000.
- 16) Um ítarlegri upplýsingar um löggjöf um ríkisábyrgðir og síðari breytingar á almennum gjöldum og um sérstök ákvæði um Íbúðalánasjóð er vísað til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 406/08/COL.

3. Ástæður þess að stofnað var til rannsóknar

- 17) Eftirlitsstofnun EFTA gerði grein fyrir því í ákvörðun 406/08/COL að ekki væri fjallað um ríkisábyrgðina í þágu Íbúðalánasjóðs, sem var fyrir hendi áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1994, sem slíka samkvæmt málsmeðferð um ábyrgðargjald vegna nýrrar aðstoðar, heldur samkvæmt sérstakri málsmeðferð um yfirstandandi aðstoð (mál nr. 64865, nú mál nr. 70382). Í ákvörðun 406/08/COL var fjallað um undanþágu Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ábyrgðargjalds sem öðrum fyrirtækjum, sem hafa með höndum svipaða starfsemi, væri skylt að greiða. Það er bráðabirgðamat Eftirlitsstofnunar EFTA að í þessu samhengi hafi það ekki skipt máli vegna mats á flokkun aðstoðarinnar sem nýrrar eða yfirstandandi hvort lögin um ríkisábyrgðir hefðu í reynd breytt stöðu Íbúðalánasjóðs að því er varðar greiðslu ábyrgðargjalds eður ei. Það var talið hafa ráðið úrslitum að með nýju lögnum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir var innleitt nýtt kerfi þar sem Íbúðalánasjóður fékk, í fyrsta sinn, hagstæðari meðferð en kveðið var á um í almennt reglu að því er að varðar fyrirtæki sem njóta óbeinnar ríkisábyrgðar. Það var því bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA að allur ávinningur Íbúðalánasjóðs vegna undanþágunnar sem húsbrefadeild var veitt með ákvæðum 7. gr. laga nr. 121/1997 væri ný aðstoð. Hið sama myndi gilda um undanþágu frá greiðslu ábyrgðargjaldsins í tengslum við aðra starfsemi Íbúðalánasjóðs, sbr. lög nr. 70/2000 til breytingar á lögum nr. 121/1997 og fjárukalög fyrir árið 2001.
- 18) Það er afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA á þessu stigi málsins að undanþága Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ábyrgðargjalds hafi verið ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn voru tilgreindir eftirfarandi ríkisaðstoðarþættir:
 - i) undanþága (annahvort frá upphafi eða afturvirk) frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds sem nemur 0,0625% á ársfjórðungi af virði erlendra skuldbindinga sem tengjast bæði húsbrefum og öðrum skuldbindingum á tímabilinu 1. janúar 1998 til þessa dags,
 - ii) undanþága (annahvort frá upphafi eða afturvirk) frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds sem nemur 0,0375% á ársfjórðungi af virði innlendra skuldbindinga sem tengjast bæði húsbrefum og öðrum skuldbindingum á tímabilinu 1. janúar 1998 til 10. janúar 2001,
 - iii) undanþága frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds sem nemur 0,0625% á ársfjórðungi af virði allra innlendra skuldbindinga Íbúðalánasjóðs á tímabilinu frá 11. janúar 2001 til þessa dags.
- 19) Eftirlitsstofnun EFTA hafði að auki efasemdir um að unnt væri að líta svo á að fyrrgreindir ríkisaðstoðarþættir samrýmdust EES-samningnum. Eftirlitsstofnun EFTA gerði grein fyrir því að þótt unnt væri að skilgreina útlán til húsnæðiskaupa að nokkru leyti sem þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu í skilningi 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og gæti þannig hugsanlega talist aðstoðarhæf, var það bráðabirgðaafstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að almennt útlánakerfi Íbúðalánasjóðs væri of víðtækt til þess að það gæti talist samrýmast skilyrðunum sem sett eru í 2. mgr. 59. gr. Eftirlitsstofnun EFTA hafði ekki undir höndum neinar upplýsingar sem gæfu ástæðu til að ætla að markaðurinn gæti almennt ekki séð um húsnæðislán á viðráðanlegum kjörum. Samkvæmt almennu útlánakerfi Íbúðalánasjóðs eiga allir kost á láni óháð tekjum og eignum og án tillits til

⁽¹⁰⁾ Lán sem áhættuálag hafði verið greitt af, tilteknar útflutningsábyrgðir og skuldbindingar vegna innstæðu á reikningum í innlendri mynt voru ekki lögð til grundvallar við útreikning á ábyrgðargjaldi (sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1961).

⁽¹¹⁾ Gildistökudagur var 1.1.1998.

⁽¹²⁾ Gildistökudagur var 11.1.2001.

kaupverðs og stærðar húsnæðisins sem fjármagna skal. Að auki er heimilt að veita lán óháð því hvort greiður aðgangur er að húsnæðisfjármögnun á staðnum eða ekki.

4. Umsögn stjórnvalda á Íslandi

- 20) Stjórnvöld á Íslandi leggja áherslu á það í umsögn sinni að rekja megi alla aðstoðarþætti sem koma við sögu beint til óbeinnar ríkisábyrgðar til handa Íbúðalánasjóði, sem hafi þegar verið staðfest sem gildandi aðstoð. Að mati stjórnvalda á Íslandi sé greiðsla hvers konar gjalds óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar sem slíkrar. Þar sem ekki séu fyrir hendi aðgreinanlegar og efnislegar breytingar á ríkisábyrgðinni og greiðslu gjaldsins sé því ekki um að ræða nýja aðstoð og beri að meðhöndla málið sem gildandi aðstoð. Ríkisstjórn Íslands lét einnig í ljós þá skoðun að ef litið væri svo á að öll ný aðstoð væri gildandi aðstoð samrýmdist hún EES-samningnum vegna félagslegs eðlis Íbúðalánasjóðs og vegna þess að aðstoðin sem Íbúðalánasjóði væri veitt fullnægði skilyrðunum sem voru fastsett með Altmark-málinu. ⁽¹³⁾
- 21) Að því er varðar skyldu til að greiða gjald vegna ríkisábyrgðar á erlendar skuldbindingar tiltekinna fjármálastofnana, sem innleidd var með lögum nr. 468/1987, halda stjórnvöld á Íslandi því fram að Íbúðalánasjóður hafi aldrei greitt ábyrgðargjald þar eð erlendar skuldbindingar hans voru engar.
- 22) Enn fremur var það mat stjórnvalda á Íslandi að skylda til að greiða ábyrgðargjald vegna annarra innlendra skuldbindinga en húsbrefa, á grundvelli laga nr. 121/1997, hafi verið „byggð á vafasömum lagagrundvelli“ þar eð aldrei hafi verið ætlunin að fyrirrennarar Íbúðalánasjóðs greiddu ábyrgðargjald. Stjórnvöld á Íslandi benda einnig á að skuldir Íbúðalánasjóðs, sem tengjast ógreiddum ábyrgðargjöldum, hafi verið felldar niður afturvirkir með fjárukalögum fyrir árið 2001, sem bendi til þess að það hafi verið ætlun lögjafans að Íbúðalánasjóðir væri ávallt undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.
- 23) Loks hafi ástæðan fyrir undanþágu Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds verið sú að sjóðurinn innheimti 0,0375% vaxtaálag af fasteignaverðbréfum sem tryggðu skuldbindingar sem tengdust húsbrefum. ⁽¹⁴⁾ Stjórnvöld á Íslandi kalla það „sérstakt ríkisábyrgðargjald“. Það er innheimt og lagt í sérstakan varasjóð.

II. MAT

- 24) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóða svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

- 25) Í þessu felst að til þess að unnt sé að flokka ráðstafanir sem ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verði þær að taka til styrks frá ríkinu eða sem greiddur er af ríkisfjármunum, að fela í sér hagræði fyrir fyrirtækið sem tekur við aðstoð, að vera sértækar og líklegar til þess að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.
- 26) Í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisábyrgðir ⁽¹⁵⁾ er kveðið á um að ábyrgðir sem ríkið veitti beint, þ.e. ríkisvaldið, héraðsstjórnir eða sveitarstjórnir, geti talist ríkisaðstoð. Að auki veiti ívilnandi fjármögnunarkjör fyrirtækja, sem vegna rekstrarforms síns verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta eða látn sæta annarri slitameðferð eða sem njóta ávinnings af ótvíræðri ríkisábyrgð eða tryggingu fyrir því að hið opinbera standi undir hugsanlegu tapi, ávinning af varanlegri áhættu ríkisins sem vísað er til sem ótakmarkaðrar ríkisábyrgðar. ⁽¹⁶⁾ Enn fremur:

„Hagurinn af ríkisábyrgð er fölginn í því að hið opinbera tekur á sig áhættuna af ábyrgðinni. Eðlilegt er að innheimta hæfilegt áhættugjald vegna áhættunnar sem hið opinbera tekur á sig á þennan hátt. Ef hið opinbera afsalar sér slíku áhættugjaldi að fullu eða að hluta hefur það bæði í för með sér hag fyrir fyrirtækið og að gengið er á ríkisfjármuni.“ ⁽¹⁷⁾

⁽¹³⁾ Mál C-280/00 *Altmark Trans og Regierungspräsidium Magdeburg* [2003] ECR I-7747.

⁽¹⁴⁾ Upphaflega stóð ekki til að Íbúðalánasjóður fengi undanþágu frá greiðslu ábyrgðargjalds vegna allra skuldbindinga hans sem ríkið ábyrgðist.

⁽¹⁵⁾ Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/?1=1&showLinkID=15646&1=1>.

⁽¹⁶⁾ Sjá 4. lið í kafla 1.2 í Leiðbeinandi reglum um ríkisábyrgðir og 2. mgr. kafla 7.2 í Leiðbeinandi reglum um beitingu ákvæða um ríkisaðstoð gagnvart opinberum fyrirtækjum í framleiðslugeiranum, sem eru aðgengilegar á eftirfarandi vefslóð: <http://www.eftasurv.int/?1=1&showLinkID=16995&1=1>.

⁽¹⁷⁾ Kafli 2.1 í Leiðbeinandi reglum um ríkisábyrgðir.

- 27) Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun 247/11/COL að óbein og ótakmörkuð ríkisábyrgð til handa Íbúðalánasjóði væri ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar eð með henni væri gengið á fjármuni íslenska ríkisins og hún færði Íbúðalánasjóði efnahagslegan ávinning. Eftirlitsstofnun EFTA vísaði til þess að í samræmi við leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisábyrgðir væri unnt að líta svo á að fyrirtæki, sem vegna rekstrarforms síns verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta eða látin sæta annarri slitameðferð eða sem njóta ávinnings af ótvíræðri ríkisábyrgð eða tryggingu fyrir því að hið opinbera standi undir hugsanlegu tapi, væru viðtakendur aðstoðar. Jafnframt sé ekki nauðsynlegt að ríkið inni af hendi greiðslur samkvæmt ábyrgðinni sem um ræðir. Aðstoðin sé veitt frá því að ábyrgðin öðlast gildi, en ekki aðeins frá þeirri stundu þegar reyni á ábyrgðina eða þegar greiðslur séu inntar af hendi samkvæmt ábyrgðarskilmálunum. ⁽¹⁸⁾
- 28) Með hliðsjón af beinum tengslum milli þess að ríkisaðstoðarþætti er að finna í ráðstöfun sem felur í sér ríkisábyrgð og nauðsynjar þess að leggja á (og greiða) (markaðs) gjald fyrir þess háttar afskipti ríkisins, er mikilvægt að spyrja hvort unnt sé að skilgreina undanþágu frá greiðslu ábyrgðargjalds sem aðgreindan ríkisaðstoðarþátt í samanburði við ávinning af ábyrgðinni sem slíkra. Viðeigandi gjald getur eytt að minnsta kosti hluta þess ávinnings sem viðtakanda aðstoðarinnar er veittur. Hefði verið unnt að fastsetja markaðsgjald vegna ábyrgðarinnar sem hér um ræðir og sem svaraði til áhættu ríkisins sem tengist ábyrgðinni og hefði Íbúðalánasjóður greitt slíkt gjald, hefði viðmiðunum í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins um hvort gengið væri á ríkisfjármuni og um efnahagslegan ávinning ekki verið fullnægt. Gjaldið er því óaðskiljanlegur þáttur í útreikningi á fjárhæð ríkisaðstoðar sem veitt er í formi ábyrgðar. Niðurstaða af því tagi leiðir af Leiðbeinandi reglum um ríkisábyrgðir, sem um getur hér að framan.
- 29) Stjórnvöld á Íslandi lýstu sambærilegri skoðun sinni í umsögn um ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn (ákvörðun 406/08/COL). Jafnframt lögðu stjórnvöld á Íslandi áherslu á að lögum um ríkisábyrgðir hefði verið ætlað að vera almenn löggiöf um skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgða. Lögin sjálf veittu ekki ábyrgðir sem slíkar, heldur væri þar mælt fyrir um skilyrði að því er varðar ábyrgðir. ⁽¹⁹⁾
- 30) Þegar ofangreint er haft í huga telur Eftirlitsstofnun EFTA að vegna sérstaks eðlis aðstoðarþátta í ríkisaðstoðarráðstöfun í formi ríkisábyrgðar sé undanþága Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds ekki aðgreind aðstoðarráðstöfun frá óbeinni og ótakmarkaðri ríkisábyrgð íslenska ríkisins í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Það að ábyrgðargjald sé ekki greitt er hluti þess ávinnings og þeirra ríkisfjármuna sem felast í ríkisábyrgðinni sem Íbúðalánasjóði hefur verið veitt. Sökum þess að Eftirlitsstofnun EFTA fjallar um ávinninginn sem leiðir af ríkisábyrgð þessari í meðferð ríkisaðstoðarmála um gildandi aðstoð (sbr. mál nr. 70382 (áður 64865), ákvörðun 247/11/COL), er formleg rannsókn á undanþágu Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds tilefnislaus og unnt er að ljúka henni.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Formlegri rannsókn að því er varðar undanþágu Íbúðalánasjóðs frá greiðslu ríkisábyrgðargjalds er lokið.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Ákvörðun tekin í Brussel 23. nóvember 2011

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Oda Helen Sletnes
Forseti

Sverrir Haukur Gunnlaugsson
Stjórnarmaður

⁽¹⁸⁾ Kafli 2.1 í Leiðbeinandi reglum um ríkisábyrgðir.

⁽¹⁹⁾ Bréf dagsett 8.9.2008, bls. 5.

**Auglýsing frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2012/EES/17/03
framkvæmdastjórnarinnar nr. 2005/15/EB**

Hinn 24. janúar 2012 barst Eftirlitsstofnun EFTA beiðni samkvæmt 5. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB. Fyrsti virkur dagur eftir að tekið var við beiðninni var 25. janúar 2012.

Beiðni þessi, sem Akershus Energi Vannkraft AS, E-CO Energi AS, EB Kraftproduksjon AS og Østfold Energi AS lögðu fram í sameiningu, varðar starfsemi í tengslum við framleiðslu og heildsölu á vatnsafla í Noregi. Í ofangreindri 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB er kveðið á um að hún taki ekki til starfsemi sem fer fram í beinni samkeppni á mörkuðum þar sem aðgangur er ótakmarkaður. Mat á því hvort slíkar aðstæður séu fyrir hendi fer eingöngu fram með tilliti til ákvæða tilskipunar 2004/17/EB og er gerður fyrirvari um beitingu samkeppnisreglna.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur þriggja mánaða frest, frá ofangreindum virkum degi að telja, til að taka ákvörðun um beiðnina. Fresturinn rennur því út 25. apríl 2012.

Það er aftur á móti mat Eftirlitsstofnunar EFTA að nauðsynlegar upplýsingar hafi vantað í fyrrnefnda beiðni. Sóknaraðilum og norskum stjórnvöldum var því boðið, með bréfum frá 17. febrúar 2012, að leggja fram viðbótarupplýsingar eigi síðar en 23. mars 2012, í samræmi við annan lið 5. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB. Vegna beiðni um viðbótarupplýsingar og með hliðsjón af því að norska samkeppniseftirlitið hefur, í álitum frá 16. mars 2011 sem Eftirlitsstofnun EFTA barst með kröfunni, úrskurðað að ákvæði 1. mgr. 30. gr. gildi, má framlengja frestinn sem Eftirlitsstofnun EFTA er veittur um einn mánuð, í samræmi við þriðja málslíð 6. mgr. 30. gr.

Lokafresturinn rennur því út 25. maí 2012.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6201 – HSH/Malév)

2012/EES/17/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ungverska fyrirtækið Hungarian State Holding („HSH“, á ungversku Magyar Nemzeti Vagyonkezelő Zrt., „MNV“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ungverska fyrirtækinu Malév Magyar Légiközlekedési Zrt. („Malév“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - HSH: umsýsla með hlutabréfaeign ungverska ríkisins
 - Malév: farþegaflutningar í lofti, póst- og vöruflytningar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 86, 23. mars 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6201 – HSH/Malév, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6346 – APMT/Bolloré/Congo Terminal)

2012/EES/17/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækin APM Terminals B.V. („APMT“), sem er dótturfélag í eigu hins hollenska A.P. Møller-Mærsk A/S („APMM“), og Bolloré Africa Logistics, sem lýtur endanlegum yfirláðum franska fyrirtækisins Bolloré S.A. („Bolloré“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í kongóska fyrirtækinu Congo Terminal S.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - APMT: dótturfélag APMM, sem þróar og rekur gámamiðstöðvar og tengda starfsemi um heim allan, stundar gámaflutninga með skipum, flutninga á skipgengum vatnaleiðum og vöruferlisstjórnun, rekur dráttarbáta í höfnum, olíuflutningaskip, stundar olíu- og gasleit, smásölu og loftflutninga
 - Bolloré: þjónusta- og ráðgjafarstarfsemi, fraktsendingar og vöruferlisstjórnun, flutningar á sjó, ám, landi og í lofti og þjónusta í tengslum við lausavöru, flutningastarfsemi og hliðarstarfsemi og vörumeðhöndlun og -geymsla, kaup á hlutabréfum í félögum eða fyrirtækjum
 - Congo Terminal: umsýsla með gámamiðstöð í höfninni í Pointe Noire í Kongó-Brazzaville, þ.m.t. vöruferlisstjórnunarmiðstöð nærri höfninni í Pointe Noire
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 79, 17. mars 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6346 – APMT/Bolloré/Congo Terminal, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/17/06****(mál COMP/M.6472 – Groupe Bolloré/CMA CGM/Terminal du Grand Ouest)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækjasamsteypan Bolloré Group yfirfærir starfsemi sína, sem lýtur að meðhöndlun á hefðbundnum farni og þurrvöru í lausu í vörumiðstöð fyrir ýmiss konar varning og gáma í Montoir de Bretagne í Saint Nazaire í Frakklandi, til franska fyrirtækisins Terminal du Grand Ouest („TGO“) sem mun öðlast full yfirráð þeirrar starfsemi, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB. TGO lýtur óbeinum yfirráðum Bolloré og franska fyrirtækisins CMA-CGM.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bolloré: m.a. framleiðsla á pappír og plastfilmu; miðasjálfsalar, fjarskiptastarfsemi, fjölmiðlar og plantekrur og vöruferlisstjórnun
 - CMA-CGM: gámaflutningar með skipum, vöruferlisstjórnun og ferðaþjónusta
 - TGO: meðhöndlun vöruflutningagáma í vörumiðstöð fyrir ýmiss konar varning og gáma í Montoir de Bretagne
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 82, 21. mars 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6472 – Groupe Bolloré/CMA CGM/Terminal du Grand Ouest, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6479 – MNV/Rába)

2012/EES/17/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ungverska fyrirtækið Magyar Nemzeti Vagyonkezelő ZRT („MNV“), sem lýtur yfirláttum ungverska ríkisins, öðlast með yfirtökutilboði, sem var tilkynnt 7. nóvember 2011, að fullu yfirláttum, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ungverska fyrirtækinu Rába Járműipari Holding NYRT („Rába“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MNV: eignarhaldsfélag sem stjórnar og nýtir eignir í eigu ungverska ríkisins
 - Rába: framleiðsla á fhlotum í vélknúin ökutæki og á herflutningabílum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 79, 17. mars 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6479 – MNV/Rába, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6506 – Groupe Auchan/Magyar Hipermarket)

2012/EES/17/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ungerska fyrirtækið Auchan Magyarország Kft, sem tilheyrir frönsku fyrirtækjasamsteypunni Groupe Auchan SA („Auchan“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ungerska fyrirtækinu Magyar Hipermarket Kereskedelmi Kft. („Magyar Hipermarket“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Auchan: smásala á dagvöru í fjölda landa, m.a. Ungverjalandi
 - Magyar Hipermarket: smásala á dagvöru í Ungverjalandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 81, 20. mars 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6506 – Groupe Auchan/Magyar Hipermarket, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/17/09****(mál COMP/M.6533 – Goldman Sachs/Advent International/TransUnion Corp)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. mars 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin Goldman Sachs Group, Inc. („Goldman Sachs“) og Advent International Corporation („AIC“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu TransUnion Corp. („TransUnion“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Goldman Sachs: Goldman Sachs stundar fjárfestingarbankastarfsemi, sölu verðbréfa og umsýslu með fjárfestingum og veitir margvíslega þjónustu á sviði bankastarfsemi, verðbréfasölu og fjárfestinga
 - AIC: AIC fjárfestir í óskráðum félögum og ræður yfir Advent International („Advent“), sem einnig fjárfestir í óskráðum félögum, og hefur, fyrir milligöngu þessarar samsteypu, umsýslu með fjölda fjárfestingarsjóða („Advent Funds“) eða veitir þeim ráðgjöf. Advent á eignarhluti í fyrirtækjum í ýmsum atvinnugreinum, m.a. iðnaði, smásölu, fjölmiðlum, fjarskiptum, upplýsingatækni, interneti, heilsugæslu og lyfjaframleiðslu
 - TransUnion: TransUnion veitir neytendum lánaupplýsingar og gerir spálíkön, skráir, veitir upplýsingar um lagskiptingu neytenda, setur viðmiðanir og veitir fyrirtækjum lánaupplýsingar, hýsir gagnaver þar sem viðskiptavinir geta fengið áhættustöðu og selur almenningi lánaupplýsingar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 81, 20. mars 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6533 – Goldman Sachs/Advent International/Transunion Corp, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

ÁLIT FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/17/10

frá 14. mars 2012

á tímabundnum ráðstöfunum stjórnvalda í Þýskalandi að því er varðar ljós á
þjörgunarvesti af gerðinni Rescue Dan M1 sem eru framleidd af Daniamant ApS í
Konungsríkinu Danmörku

Ofangreint álit hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 76, 15.3.2012, bls. 1.

Auglýst eftir tillögum – EACEA/06/12

2012/EES/17/11

Áætlunin Virk æska

**Aðgerð 3.2 – Æska heimsins: Samstarf við önnur ríki en nágrennaríki Evrópu-
sambandsins**

Auglýst er eftir tillögum með það fyrir augum að styrkja verkefni sem snúast um samstarf á sviði
æskulýðsmála milli aðildarríkja áætlunarinnar „Virk æska“ og samstarfsríkja annarra en nágrennaríkja
Evrópusambandsins (ríkja utan Evrópusambandsins sem hafa gert samninga við það á sviði æskulýðsmála).
Auglýst er í því skyni að veita verkefnastyrki.

Auglýsingunni er beint til samtaka sem starfa á sviði æskulýðsmála og hafa áhuga á að hleypa af
stokkunum verkefnum til að auka samstarf á þessu sviði, með þátttöku umsjónarmanna æskulýðsstarfs og
æskulýðsleiðtoga, æskufólksins sjálfs og annarra þeirra sem koma nálægt starfi æskulýðssamtaka.

Verkefnið verður að fela í sér starfsemi sem ekki er stunduð í ábataskyni og tengist æskulýðsstarfi og
óformlegri menntun.

Um nánari upplýsingar um þessa auglýsingu vísast til *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, C 75,
14.3.2012, bls. 6.

Umsóknareyðublöð er að finna á Netinu á eftirfarandi vefslóð:

http://eacea.ec.europa.eu/youth/funding/2012/call_action_3_2_en.php

Umsóknir um styrki ber að skrifa á einu hinna opinberu tungumála ESB og senda á eftirfarandi pósthfang
eigi síðar en **15. maí 2012**:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency
Youth in Action Programme – EACEA/06/12
BOUR 4/029
Avenue du Bourget/Bourgetlaan 1
1140 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Yfirlit um ákvarðanir ESB um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. janúar 2012 til 31. janúar 2012 2012/EES/17/12

Birt hefur verið yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru í janúar 2012, sjá [Stjórnartíðindi Evrópusambandsins C 78, 16.3.2012](#).